

Ed.

591. Frumvarp til laga

[339. mál]

um afnám laga nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks, nr. 49 20. apríl 1963, falli úr gildi.

2. gr.

Eignir byggingarsjóðs aldraðs fólks og útistandandi kröfur skulu skiptast að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1987.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Fulltrúaráð sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði hefur óskað eftir breytingum á lögum um happdrætti DAS, nr. 16/1973, og jafnframt að lög nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, verði felld úr gildi. Lög um happdrætti DAS heyrir undir dómismálaráðuneytið og hefur dómismálaráðherra ákveðið að verða við óskum Sjómannadagssamtakanna um fyrrgreindar breytingar á núgildandi lögum og mun standa að flutningi frumvarps þar um.

Samkvæmt lögum um happdrætti DAS, nú lögum nr. 16/1973, renna 40% af tekjum happdrættis DAS í byggingarsjóð aldraðs fólks en 60% til DAS og hefur svo verið frá gildistöku laga nr. 49/1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks. Áður rann allur ágóðinn til DAS. Hér er farið fram á að framlög frá happdrætti DAS til byggingarsjóðs aldraðs fólks falli niður og sjóðurinn verði jafnframt lagður niður.

Hlutverk byggingarsjóðs aldraðs fólks, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands, er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að byggingu hentugra íbúða og dvalarheimila fyrir aldrað fólk.

Með tilkomu hinnar nýju húsnæðismálaggjafar hefur orðið mikil breyting til hins betra á lánamöguleikum til bygginga íbúða fyrir aldraða og má segja að með henni sé margfalt betur komið til móts við lánþörf aldraðra en með mjög takmörkuðu framkvæmdafé byggingarsjóðs aldraðs fólks. Eignir sjóðsins í árslok 1985 voru 19,7 millj. kr., þar af um helmingur í skuldabréfum. Tekjur sjóðsins 1985 voru annars vegar ágóðahluti (40%) frá happdrætti DAS 4,1 millj. kr. og hins vegar vaxtatekjur 3,1 millj. kr. Aðra tekjuliði hefur sjóðurinn ekki haft á starfstíma sínum.

Þá ber að nefna Framkvæmdasjóð aldraðra sem settur var á stofn fyrir nokkrum árum og nýtur tekna af sérstökum persónuskatti, sbr. lög um málefni aldraðra, nr. 91/1982, með síðari breytingum. Úr sjóðnum er veitt fé til byggingar þjónustuíbúða og hjúkunarheimila aldraðra svo og til byggingar dvalarheimila og endurbóta á þeim.

Hvað varðar eignir og útistandandi kröfur byggingarsjóðs aldraðs fólks þá þykir eftir atvikum rétt að þær skiptist að jöfnu milli Framkvæmdasjóðs aldraðra og byggingarsjóðs hjúkunarheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði.

Rétt þykir að miða við að lög þessi taki gildi 30. apríl 1987 þar eð hinn 3. apríl n.k. verður dregið í síðasta sinn í happdrætti DAS á yfirstandandi happdrættisári.

Frumvarp þetta er, eins og áður segir, flutt að beiðni Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði.